



Fjárlaganefnd Alþingis
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, formaður
Austurstræti 8-10A
150 REYKJAVÍK

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhváli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík, 22. nóvember 2022
Tilvísun: FJR22080019

Fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, fer þess á leit við fjárlaganefnd Alþingis að við 2. umræðu frumvarps til fjáráukalaga ársins 2022 verði gerð ein breyting á fjárheimildum ríkissjóðs (A1-hluta).

Lagt er til að veitt verði fjárheimild á málaflokk 33.30 *Lífeyrisskuldbindingar* á málefnasviði 33 *Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar* fyrir framlagi úr ríkissjóði sem geti orðið allt að 14 ma.kr. á yfirstandandi ári í lífeyrisaukasjóð innan A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Bent skal á að verið er að ljúka mati á endanlegri fjárþörf í þessu máli og kann að vera að ekki þurfi að fullnýta alla heimildina. Fjallað er ítarlegar um málið og aðdraganda þess í meðfylgjandi minnisblaði til nefndarinnar.

Gert er ráð fyrir að fjárheimildum í 1. og 2. gr. frumvarpsins verði breytt í samræmi við áhrif af þeirri breytingu sem hér er lögð til, nái hún fram að ganga, að viðbættum þeim breytingum sem fjárlaganefnd kann að leggja til. Þá mun afkoma ríkissjóðs og skuldastaða á árinu 2022 taka samsvarandi breytingum sem nemur endanlegri nýtingu á framlaginu.

F.h.r.

Björn Þór Hermannsson / Sigurður H. Helgason